

Föstudaginn 19. febrúar 1982.

Nr. 99/1979. **Hörður Jóhannsson**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

Hafsteini Júlíussyni h/f

(Grétar Haraldsson hrl.).

Verksamningur. Skaðabótamál. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1979. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 16.338.40 krónur auk þessara ársvaxta: 6% frá 1. janúar 1975 til 31. desember s. á., 7% frá þeim degi til 30. apríl 1977, 9% frá þeim degi til 14. júlí s. á., 13% frá þeim degi til 20. nóvember s. á., 16% frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% frá þeim degi til 31. ágúst s. á., 27% frá þeim degi til 30. nóvember s. á., 31% frá þeim degi til 31. maí 1980, 35% frá þeim degi til 1. júní 1981 og 34% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Enn fremur krefst hann þess, að úr gildi verði felld fjárnámsgerð 21. maí 1979 í bifreið hans, Y 1261. Til vara setur áfrýjandi fram þá kröfu, að honum verði dæmdar 7.408.40 krónur með vöxtum, eins og greinir í aðalkröfu, auk málskostnaðar svo og þess, að fjárnámsgerð sú, sem nefnd var, verði felld úr gildi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný matsgerð, sem samín var að beiðni áfrýjanda, og verður hennar nánar getið hér á eftir. Þá var lagður fram í ljósriti reikningur frá stefnda til áfrýjanda, dagsettur 7. ágúst 1974. Er hann að fjárhæð 192.500 gkr., og er þeirrar fjárhæðar krafist fyrir að hafa

steypt gólf, „straujað og sladdað“. Fram er komið, að dómsmál var höfðað 1974 til að innheimta þessa fjárhæð auk þeirrar upphæðar, sem stefnda var dæmd í aðalsök í héraði, en það mál var hafið 1977.

Áfrýjandi krefst bóta frá stefnda, í fyrsta lagi 2.588.40 nýkr. eftir mati Diðriks Helgasonar og Narfa Hjörleifssonar 22. febrúar 1975. Í héraðsdómi er lýst rökum aðilja varðandi þennan kröfulið og matinu. Þykir verða að sitja við niðurstöðu héraðsdóms um þennan kröfulið, enda var dómurinn skipaður byggingafróðum meðdómendum.

Í öðru lagi krefst áfrýjandi bóta úr hendi stefnda eftir matsgerðum sömu matsmanna og fyrr eru nefndir, 10. febrúar 1978 og 28. desember 1979. Fjárhæð þessa kröfuliðar er 13.750.00 nýkr.

Hinn 29. október 1979 ritaði lögmaður áfrýjanda borgardómara bréf og beiddist þess, að „matsmennirnir verði enn á ný dómkvaddir til þess að endurmeta umrætt gólf og boði þá til matsins matsbeiðandann, Hörð Jóhannsson . . . og matspola, Hafstein Júlíusson . . .“. Dómkvaðning fór fram, og hefur verið lögð fyrir Hæstarétt matsgerð, dagsett 28. desember 1979. Í henni segja þeir Diðrik Helgason og Narfi Hjörleifsson meðal annars:

„Þegar til skoðunarfundar kom, mættu auk matsmanna . . . matsbeiðandi, Hafsteinn Júlíusson múrarameistari, og Grétar Haraldsson hrl.

Síðan var skoðunarfundur settur . . . Spurðu matsmenn síðan, hvort gerð væri nokkur athugasemd við útnefningu matsmanna eða annað, og kvaddi þá lögmaður matspola sér hljóðs og tjáði, að þar sem búið væri að dæma í þessu máli, þá mótmælti hann þessu mati og mundu þeir matspóli og hann víkja frá fundi, sem og þeir gerðu. Matsbeiðandi óskaði eindregið eftir, að mat færi fram á þeim stöðum, er hann mundi vísa á, og lagði hann síðan fram grunnteikningu af hæðinni og merkti á hana með rauðum krossum þau gólf, er hann óskaði eftir, að metin yrðu, önnur gólf var þegar búið að lagfæra.

Matsmenn skoðuðu síðan gólfina, og breytti það í engu

skoðun þeirra á því, sem fram kemur í matsgjörð, dags. 1978—02—10, . . .

Það skal tekið fram, að matsmenn skoðuðu nú framan skráð gólf, og studdi það ákvörðun okkar í mati þessu.

Samkvæmt framanskráðu og því, sem að framan er lýst og fram kemur í matsbeiðninni, telja matsmenn eftir nána athugun hæfilegt mat á endurbótum nú á þeim hluta gólfanna, sem matsbeiðandi óskaði eftir, að yrðu tekin til endurmats, kr. 482.000.-, — fjögur hundruð áttatíu og tvö þúsund krónur 00/100 —, en það skal tekið fram, að gólf þau, er að framan greinir, voru að sjálfsögðu innifalin í mati okkar dags. 1978—02—10.“

Fyrir Hæstarétti hefur því af hálfu áfrýjanda verið haldið fram, að við matsgerð 1979 hafi stefnda verið gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Matsmenn hafi ekki séð ástæðu til að breyta fyrri skoðun sinni og beri að leggja til grundvallar matið frá 1978, sem varðað hafi allt gólfið. Varakrafa áfrýjanda er byggð á þeirri fjárhæð, sem greind er í matinu 1979.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að matið 1978 sé eigi fremur en við uppsögu héraðsdóms hæft til að vera grundvöllur dóms um ágreining aðilja. Áfrýjandi hafi með matsbeiðninni 29. október 1979 beiðst þess, að hinir sömu matsmenn og fyrr verði dómkvaddir til að endurmeta fyrri gerðir. Þetta hafi verið óheimilt. Sé með öllu ósannað, að gallar, sem vera kunni á gólfinu, stafi af vinnubrögðum manna, sem stefndi beri ábyrgð á.

Telja verður, að heimilt hafi verið að beiðast þess, svo sem gert var, að matsmennirnir Diðrik Helgason og Narfi Hjörleifsson tækju matsstörf sín upp að nýju og kveddu málsaðilja til að gæta hagsmuna sinna, svo sem þeir gerðu. Er nú fram komið, að þeir eru eftir það enn þeirrar skoðunar, að verkið, sem lýst er í héraðsdómi, hafi ekki verið unnið á réttan hátt eða eftir fyrirmælum framleiðanda þess styrkingarefnis, sem notað var. Telja þeir, að efnið hafi verið horið á of þurrt yfirborð.

Leggja verður þessa niðurstöðu matsmanna til grundvall-

ar dómi svo og byggja á því, að þessi galli hafi verið á öllu gólfinu, svo sem fram kom í matsgerðinni frá 1978. Verður stefnda því gert að greiða áfrýjanda þennan lið kröfu hans, 13.750.00 nýkr. Frá þessari fjárhæð ber að draga $6.047.84 \div 2.000.00 = 4.047.84$ krónur, svo sem í héraðsdómi er vikið að. Er þessi fjárhæð ágreiningslaus.

Samkvæmt þessu verður stefnda gert að greiða áfrýjanda $13.750.00 \div 4.047.84 = 9.702.16$ nýkr.

Samkvæmt málflutningi aðilja taka vaxtakröfur þeirra hvors um sig einungis til fjárhæða, sem ekki koma til skuldajafnaðar. Vaxtakrafa áfrýjanda hefur sætt þeim andmælum, að stefndi krefst, að vextir af fé, sem honum kunni að verða gert að greiða, verði taldir frá 10. febrúar 1978, en ekki 1. janúar 1975, eins og áfrýjandi krefst. Verður á það fallist og vextir af hinni dæmdu fjárhæð reiknaðir frá nefndum degi, en að öðru leyti í samræmi við kröfu áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 7.000.00 krónur í málskostnað samtals fyrir báðum dómum.

Hina áfrýjuðu fjárnámsgerð ber eftir framanskráðum úrslitum um fjárkröfur aðilja að fella úr gildi.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Hafsteinn Júlíusson h/f, greiði áfrýjanda, Herði Jóhannssyni, 9.702.16 krónur með 16% ársvöxtum frá 10. febrúar 1978 til 21. s. m., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi áfrýjanda 7.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. fyrri mánaðar, hefur Hafsteinn Júlíusson h/f, Kastalagerði 1, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. janúar 1978, á hendur Herði Jóhannssyni, Kastalagerði 8, Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 604.784 ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 24. september 1974 til 21. mars 1976, 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 200.000, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í aðalsök krefst gagnstefnandi þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda, en til vara, að kröfum hans verði skuldajafnað við kröfur gagnstefnanda í gagnsök.

Með stefnu, birtri 9. maí 1978, höfðaði Hörður Jóhannsson gagnsök í máli þessu á hendur aðalstefnanda, Hafsteini Júlíussoni h/f, og gerði þær kröfur, að hann yrði dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 1.633.840 auk hæstu lögleyfðra vaxta frá 24. september 1974 til greiðsludags og málskostnað, þar með talinn matskostnað. Gagnstefnandi hefur uppi kröfur þessar til skuldajafnaðar við kröfur aðalstefnanda í aðalsök og til sjálfstæðs dóms, sbr. 49. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Í gagnsök hefur aðalstefnandi gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og honum verði gert að greiða aðalstefnanda málskostnað að mati dómsins. Til vara krefst aðalstefnandi þess, að kröfur gagnstefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn niður falla. Vaxtakröfu gagnstefnanda mótmælir aðalstefnandi sérstaklega.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

AÐALSÖK.

Helstu málavextir eru þeir, að á árunum 1973 til 1974 stóð gagnstefnandi, Hörður Jóhannsson, í húsbýggingu að Iðufelli 12, Reykjavík. Er hér um verslunarhúsnæði að ræða. Aðalstefnandi, Hafsteinn Júlíusson h/f, tók að sér múrverk við húsið, og var múrarmeistari við þá byggingu Hafsteinn Júlíusson múrarmeistari, stjórnarformaður aðalstefnanda.

Hin umstefnda skuld í aðalsök er vegna vinnu aðalstefnanda við innihúðun að Iðufelli 12 síðla sumars 1974 í þágu gagnstefnanda. Samkvæmt mælingu Múrarafélags Reykjavíkur, dag-

settri 20. september 1974, nam mælingarfjárhæðin fyrir múrverkið kr. 464.137, fyrir handlang kr. 94.275, launagjöld kr. 36.908 og þóknun kr. 9.464, eða samtals kr. 604.784. Frá þessari fjárhæð hefur aðalstefnandi dregið kr. 200.000, sem gagnstefnandi hefur greitt aðalstefnanda upp í þessa kröfu.

Við munnlegan flutning málsins viðurkenndi lögmaður gagnstefnanda eftirstöðvar þessarar kröfu, kr. 404.784, en andmælti vaxtakröfu aðalstefnanda sem of hárrí og taldi, að einungis bæri að dæma venjulega vexti af kröfunni. Þessi mótmæli af hálfu gagnstefnanda eru eigi tekin til greina, sbr. vaxtaákvæðanir Seðlabanka Íslands samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961, 5. tl. í auglýsingum, er birtust í Lögbirtingablaði 15. júlí 1974, 28. september 1976 og 20. júlí 1977.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að gagnstefnanda er gert að greiða aðalstefnanda kr. 604.784 ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 24. september 1974 til 20. nóvember 1976, 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977 og 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 200.000.

Eftir þessum málalokum í aðalsök verður gagnstefnanda gert að greiða aðalstefnanda kr. 145.000 í málskostnað.

UM GAGNSÖK.

Þegar kom að því að leggja niður steypu í gólf framangreinds verslunarhúss, hafði gagnstefnandi samband við Hafstein Júlíusson múrarameistara og bað hann um að annast verkið. Hafsteinn Júlíusson kvaðst þá ekki geta farið í verkið, þar sem hann hefði eigi mannskap til þess. Gagnstefnandi sagðist þá geta skaffað menn og mun hafa útvegað 4 til 5 verkamenn gegnum fyrirtækið Breiðholt h/f. Hafsteinn Júlíusson mun þá hafa bent gagnstefnanda á að tala við Sigurð Hannesson múrarameistara og inna hann eftir því, hvort hann gæti tekið að sér að leggja niður steypuna og pússa gólfið. Sigurður þessi hafði oftsinnis áður unnið sem undirverktaki hjá aðalstefnanda við slík störf og hafði yfir að ráða sérstakri vél til þess að pússa með gólf. Gagnstefnandi hafði nú samband við Sigurð Hannesson og fór þess á leit við hann, að hann tæki að sér verk þetta. Féllst Sigurður á það.

Gagnstefnandi fékk nú tæknifræðing á vegum fyrirtækisins Breiðholts h/f, að nafni Sigurður Atli Gunnarsson, til þess að sjá um að setja út sérstaka hæðarpunkta, sem gólfhæðin er síðan miðuð við. Sigurður Atli Gunnarsson kom á staðinn með

hallamælitæki til að annast verk þetta. Sigurður Hannesson múrarameistari og gagnstefnandi voru þá fyrir á staðnum. Sigurður Hannesson benti mælingamanninum á ákveðinn hæðarpunkt úti við þröskuld, sem hann mælir síðan aðra hæðarpunkta út frá. Sigurður Atli Gunnarsson hefur borið hér fyrir dómi, að hann hafi enga teikningu séð til framkvæmdar þessu verki og hafi hann sett út hæðarpunktana í láréttum fleti. Á hæðarpunkta þessa eru síðan lögð rör, og eftir þeim rörum er gólfsteypan jöfnuð og vélþússuð.

Daginn, sem steypan var lögð niður, var gagnstefnandi viðstaddur og aðstoðaði við að flytja steypuna á þá staði á gólfinu, er Sigurður Hannesson mælti fyrir um. Gagnstefnandi hafði auk þess útvegað 4 til 5 menn til þess að flytja til steypuna, svo sem fyrr er getið. Hafsteinn Júlíusson múrarameistari kom á staðinn, meðan verið var að vinna verkið, en hvarf aftur af vettvangi. Sigurður Hannesson þússaði gólfið með framangreindri þússningavél og sá auk þess um að strá sérstöku efni á yfirborð steypunnar. Efni þetta kallast Thoroset og er ætlað að herða yfirborð gólfsins og gera það slitþolnara. Eftir að efni þessu hefur verið stráð í steypuna, er þússað yfir gólfið með vélinni.

Mikið af lagnarörum stóð upp úr gólfplötunni, þegar starf þetta var unnið, og var það til boga við vélþússninguna. Sigurður Hannesson kveðst hafa rætt þetta við gagnstefnanda og viljað hleypa rörum þessum niður fyrir yfirborð þússningarflatarins, en gagnstefnandi hafi gert lítið úr þessu og bent á, að sumt af þessum rörum mundi lenda undir kæliborðum. Sigurður Hannesson kveður gagnstefnanda hafa bent á það, hvar niðurföll ættu að vera í gólfinu, og muni þau hafa verið sett þar samkvæmt hans fyrirsögn. Þessu mótmælir gagnstefnandi. Sigurður Hannesson kvaðst engar teikningar hafa séð af gólfinu við framkvæmd verks þessa. Sigurður Hannesson kvað menn mjög oft vilja hafa niðurföll sem öryggisventla í húsum, án þess að vatnshalli væri að þeim, enda sé slíkur vatnshalli mjög óhentugur, a. m. k. í verslunarhúsnæði.

Eftir að verki þessu var lokið, varð gagnstefnandi óánægður með það og taldi á því galla. Með matsbeiðni til borgardómara í Reykjavík, dags. 20. nóvember 1974, var af hálfu gagnstefnanda beiðst dómkvaðningar tveggja hæfra og óvilhallra manna til þess að skoða nánar tilgreinda galla á gólfinu svo og aðra galla, sem skoðun matsmanna kynni að gefa tilefni til, og meta til verðs kostnað við úrbætur.

Á bæjarþingi sama dag voru þeir Diðrik Helgason múrara-meistari og Narfi Hjörleifsson tækniþræðingur dómkvaddir til þess að framkvæma hina umbeðnu matsgerð. Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett 22. febrúar 1975. Í matsgerðinni kemur fram, að matsmenn hafa farið á vettvang 28. nóvember 1974, 15. desember 1974 og 31. janúar 1975. Í niðurlagi matsgerðar segir svo:

„Föstudaginn þann 31. jan. 1975 að kvöldi fóru matsmenn til hallamælinga á framangreindum gólfum, og voru þau mæld með réttsskeið og hallamáli, kom þá í ljós eftirfarandi:

1. Rými merkt „Aðgerð“ við fiskbúð á samkvæmt teikningu frá Verkþræðistofunni Skipholti 35 að vera gólfniðurfall (G.N.), staðsett sem næst miðju gólfi, en það var ekki til, en aftur á móti var niðurfall frá þvottakerum (Þ.K.) staðsett sem næst réttum stað. Telja því matsmenn, að það þurfi að höggva upp gólfið og komast í samband við frárennsli og síðan að höggva upp allan gólfhlötinn og leggja múrhúðun á gólfið með halla að niðurfalli. Verður þetta gólf því tekið í mat. Stærð gólfs 14,86 m².
2. Rými merkt „vörumóttaka“. Þetta gólf verður reiknað til þvotta, og er halli nægur að niðurfalli nema á hluta gólfs, sem er um 4,5 m² svæði, það þarf að höggva upp og leggja múrhúðun að nýju á þennan hluta til þess að gólfið hreinsi sig af vatni, og verður það tekið í mat. Stærð gólfs 24,80 m².
3. Rými merkt „Kjötvinnsla“ er gólf mjög misjafnt og hallar að hluta frá niðurfalli, leggja því matsmenn til, að gólf þetta verði höggvið upp og lagt í það með sterkri múrblöndu, með viðloðunarefni í blöndunni, síðan verði sett á gólfið Epoxy lakk. Gólf þetta verður því tekið í mat. Stærð gólfs 34,55 m².
4. Gólf í rými merkt „Mjólk og mjólkurvörur“ er sýnt niðurfall (G.N.), og er halli að niðurfalli nægur, til þess, að vatn situr ekki á gólfinu, en aðeins misfella við dyr út í vörumóttöku, sem matsmenn telja ekki ástæðu til að taka í mat. Stærð gólfs 14,96 m².

Eðlilegt frávik á gólfum, sem slípuð eru úr steypu með vél og ætluð eru til þvotta, teljum við $\pm 0,5$ cm á 4 metr., þetta á við, ef allur undirbúningur og öll vinna sé unnin með fyllstu nákvæmni, en gólf, sem ætluð eru sem afrennslisgólf, teljum við algert lágmarks halla 0,5 cm. pr. m., og verður gengið út frá þessu við matsgjörð þessa.

Önnur gólf verða því ekki tekin í mat. Innifalið í mati þessu er efni og vinna o. fl.

Samkvæmt framanskráðu og eftir nána athugun teljum við hæfilegt mat á framantöldu kr. 258.840.00 — tvö hundruð fimm-tíu og átta þúsund átta hundruð og fjörutíu 00/100 —.“

Í matsgerð þessari kemur fram, að matsmenn slepptu úr mati sínu þeim matsþætti, er laut að efni því, er blandað var saman við steypuna til þess að auka slitþol yfirborðs gólfsins, þar eð matsbeiðanda, Herði Jóhannssyni, hafði eigi tekist að veita þeim fræðilegar upplýsingar um þetta efni.

Með bréfi til borgardómara í Reykjavík beiddist gagnstefnandi, Hörður Jóhannsson, þess því á ný, að hinir dómkvöddu matsmenn skoðuðu umrætt gólf og létu uppi rökstutt álit um galla þá, sem gólfnið væri haldið af völdum rangrar meðhöndlunar á gólfefni því, sem notað var til þess að auka slitþol gólfsins, og enn fremur kostnað við úrbætur, sé unnt að bæta úr göllum.

Hinn 23. september 1977 voru framangreindir matsmenn dómkvaddir til þess að framkvæma hið umbeðna mat.

Síðari matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett 10. febrúar 1978. Í þeirri matsgerð segir m. a. svo:

„Hinn 23. september 1977 hafði matsbeiðandi samband við undirritaða matsmenn og óskaði eftir því við þá, að þá samdægurs færi fram skoðun á umræddum gólfum.

Matsmenn urðu við þessari ósk og mættu um kl. 1700 þann sama dag að Iðufelli 12.

Þar var til staðar Hörður Jóhannsson, eigandi verslunarhúsnæðisins, og afhenti hann matsmönnum öll nauðsynleg gögn, er varða gólfefni það, sem blandað var í steypuyfirborð gólfsins, ásamt afriti af reikningum yfir þau efniskaup.

Matsmenn skoðuðu síðan gólfinn. Samkvæmt upplýsingum Harðar Jóhannssonar og meðfylgjandi gögnum yfir íblöndunar efnið er viðkomandi efni keypt hjá Steinprýði h/f.

Efni þetta, sem er framleitt í Bandaríkjunum undir merkinu „The Thoro System“ og nefnist „Thoroset Non — Metallic floor hardener“, er ætlað til íblöndunar í steypuyfirborð til aukinnar hörku og aukins slitþols á yfirborðinu. Einnig eru notuð litar efni saman við hersluefnið til þess að gefa yfirborðinu jafna litaráferð. Litar- og hersluefnin eiga, ef rétt er að farið, að ganga 1—2 mm niður í yfirborðið og krefst vandvirkni í framkvæmd. Við skoðun á 6 ára gömlu gólfi, þar sem mikið mæðir á yfirborði af þungri umferð, teljum við, að raunhæfur samanburður

hafi fengist á því, hvernig gólf með þessu efni eiga að líta út, ef þau eru rétt framkvæmd.

Þar sem litarefni á gólfi því, sem umrætt mat nær yfir, slitnaði mjög fljótlega af undan gangandi umferð, verðum við að telja fullvíst, að verkið hafi ekki verið unnið á réttan hátt, eða skv. fyrirmælum framleiðanda.

Ætla má, að efnið hafi verið borið á of þurr yfirborð, svo að það hafi ekki náð að ganga hæfilega djúpt niður í steypuyfirborðið. Skv. meðf. reikningi yfir efniskaup mun notkun efnisins hafa verið um 4,4 lbs/m², en framleiðendur telja hæfilega notkun um 5—6 lbs/m², miðað við meðalþunga umferð.

Þar sem ógerningur er að endurvinna yfirborð gólfsins með steypuherði, leggjum við til, að endurbætur verði gerðar með því að leggja á gólfinn slitsterkt gólfefni, t. d. GólfTex (eða annað tilsvareandi).

Samkvæmt framanskráðu og því, sem að framan er lýst og fram kemur í matsbeiðninni, telja matsmenn eftir nána athugun, hæfilegt mat á endurbótum, sem hér segir: Kr. 1.375.000.- — ein milljón, þrjú hundruð sjötíu og fimm þúsund krónur 00/100 —.

Matsmenn hafa komið fyrir dóminn út af báðum matsgerðunum og staðfest þær og svarað ýmsum spurningum.

Þá hafa aðiljar og Sigurður Hannesson einnig komið fyrir dóminn og verið spurðir í þau.

Gagnstefnandi sundurliðar kröfur sínar í gagnsök þannig:

Skaðabætur samkvæmt matsgerð, dagsettri 22.	
febrúar 1975	kr. 258.840
Skaðabætur samkvæmt matsgerð, dagsettri 10.	
febrúar 1978	kr. 1.375.000

Samtals kr. 1.633.840

Gagnstefnandi telur skaðabótaskyldu aðalstefnanda hvíla á húsbóndaábyrgð þeirri, sem fyrirtækið Hafsteinn Júlíusson h/f hljóti að bera á verkum starfsmanna sinna, einkum Hafsteins Júlíussonar múrarameistara, sem hafi verið skráður múrarameistari að húsinu og hlotið að bera skyldu til að hafa alla yfirmsjón með því múrverki, sem fram hafi farið. Þetta hafi brugðist og því sé hlutafélagið skaðabótaskyldt gagnvart gagnstefnanda, enda hafi hann við verk þetta einungis komið fram sem verkamaður ásamt þeim 4—5 mönnum, er hann útvegaði til steypuvinnunnar. Enn fremur benti lögmaður gagnstefnanda á

það við hinn munnlega flutning málsins, að Sigurður Hannesson, sá er séð hafi um véslípun gólfsins og ílögn, hafi verið múrarmeistari, sérfróður um véslípun. Hafi hann unnið á ábyrgð múrarmeistarans, Hafsteins Júlíussonar. Þá sé og á það að líta, að teikningar hafi legið fyrir. Hafi ekki verið farið eftir þeim, þá sé það einnig á ábyrgð múrarmeistarans, Hafsteins Júlíussonar.

Aðalstefnandi byggir sýknukröfur sínar á því, að ósannað sé, að hann beri ábyrgð á þeim göllum, er gagnstefnandi telji vera á verki því, sem hann krefst skaðabóta fyrir. Hafsteinn Júlíusson hafi ekki getað unnið verkið, er gagnstefnandi hafi óskað. Gagnstefnandi hafi því sjálfur útvegað menn til þess að vinna þau verk, er hann telur gölluð. Ábyrgð á verkinu hafi því flust af aðalstefnanda yfir á gagnstefnanda sjálfan. Gagnstefnandi hafi verið viðstaddur vinnuna, en Hafsteinn Júlíusson eigi unnið verkið. Hafi gagnstefnandi viljað láta vinna verkið undir stjórn Hafsteins Júlíussonar, hefði hann ekki átt að hefjast handa, fyrr en Hafsteinn gæti sinnt því.

Varðandi kröfur, byggðar á fyrri matsgerðum, tekur aðalstefnandi fram, að ekkert liggi frammi og ekkert sé sannað um það, að þau gögn, sem matsgerðin sé byggð á, hafi legið frammi, þegar verkið var unnið.

Þá mótmælir aðalstefnandi sérstaklega bótakröfum gagnstefnanda, byggðum á síðari matsgerðinni. Kvartanir vegna þeirra galla hafi aldrei borist aðalstefnanda. Allri bótaskyldu vegna þeirra er því mótmælt af hálfu aðalstefnanda. Þá bendir aðalstefnandi á, að hann hafi ekki ákveðið það efni, sem unnið var úr, og ekki hafi hann heldur stjórnað íblöndun efnisins. Framkvæmd matsgerðarinnar er og sérstaklega mótmælt. Allt gerist sama daginn. Matsbeiðni sé skrifuð, matsmenn dómkvaddir, skoðun framkvæmd, allt án þess að aðalstefnanda sé tilkynnt um þetta. Þessi matsgerð sé því aðalstefnanda óviðkomandi.

Samkvæmt þessu telur aðalstefnandi, að gagnstefnandi hafi ekki sýnt fram á neina sök varðandi verk það, sem hann krefst skaðabóta fyrir. Upplýst sé, að gagnstefnandi hafi sjálfur ráðið framkvæmd verksins, ráðið mælingamann, er tók hæðarpunkta gólfsins, og sjálfur unnið að verkinu ásamt mönnum, er hann hafi skaffað. Gagnstefnandi hafi sjálfur ráðið, hvaða efni hafi verið notuð til íblöndunar. Verði hann því sjálfur að bera tjón sitt.

NIÐURSTAÐA GAGNSAKAR.

Gagnstefnandi útvegaði sjálfur tæknifræðing til þess að mæla hæðarpunkta gólfsins fyrir gólfsteypuna. Tæknifræðingur þessi fékk enga teikningu í hendur til framkvæmdar á verki þessu, og ekkert er fram komið, er bendir til annars en að honum hafi verið ætlað að taka gólfið lárétt. Samkvæmt þessum hæðarpunktum var steypan síðan lögð í gólfið að gagnstefnanda viðstöddum, án þess að hann gerði athugasemdir eða minntist á vatnshalla að niðurföllum. Sigurður Hannesson hefur borið, að hann hafi engar teikningar fengið um það, hvernig ætti að leggja í gólfið, og teikningar þær, er lagðar hafa verið fram í þessu máli, sýna enga hæðarkvóta gagnvart niðurföllum. Þegar þetta er haft í huga svo og það, að ekki er það sjálfgefið, að vatnshalli eigi ævinlega að vera að niðurfalli, getur dómurinn ekki fallist á það, að aðalstefnandi beri fjárhagslega ábyrgð á þeim lagfæringum, sem gert er ráð fyrir á gólfinu samkvæmt mati hinna dómkvöddu manna frá 22. febrúar 1975.

Hvað viðvíkur síðari matsgerðinni, sem dagsett er 10. febrúar 1978, þá er ósannað gegn andmælum af hálfu aðalstefnanda, að honum hafi verið gefinn kostur á að mæta á skoðunarfundi hinn 23. september 1977 til þess að gæta hagsmuna sinna við matið. Að svo vöxnu máli er eigi unnt að byggja dóm í máli þessu á þessari matsgerð. Er því kröfu gagnstefnanda á hendur aðalstefnanda, reistri á matsgerð þessari, einnig hrundið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í gagnsök.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Gunnari Torfasyni verkfræðingi og dr. Ragnari Ingimarssyni prófessor.

Dómsorð:

Gagnstefnandi, Hörður Jóhannsson, greiði aðalstefnanda, Hafsteini Júlíussyni h/f, kr. 604.784 ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 24. september 1974 til 20. nóvember 1976, 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 200.000. Gagnstefnandi greiði aðalstefnanda kr. 145.000 í málskostnað í aðalsök.

Aðalstefnandi á að vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök, en málskostnaður fellur niður í gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 21. maí 1979.

Ár 1979, mánudaginn 21. maí, var fógetaréttur Kópavogs settur að Kastalagerði 8 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Sigríði Ingvarsdóttur, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið Hafsteinn Júlíusson h/f gegn Herði Jóhannssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dómsendurrít með áritun um birtingu. Skjölin fylgja.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 404.784 með 2% mánaðarvöxtum frá 24. sept. 1974 til 20. nóvember 1976, 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 8.100 í birtingar- og endurritskostnað, kr. 145.000 í málskostnað, kr. 9.000 fyrir ritun fjárnámsbeiðni, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli býr hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni Y 1261, af tegundinni Fiat 127 special, rauðri að lit, árg. 1976.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.
